

## AUGLÝSING

### um samþykkt þriggja deiliskipulagstillagna í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt eftirtaldar þrjár deiliskipulagsáætlanir:

*Langitangi 1–5, verslunar- og þjónustusvæði.*

Deiliskipulagið felur í sér að ný gata kemur vestur úr Langatanga, núverandi lóðir nr. 1 og 1a stækka lítillega til suðurs, afmarkaðir eru á þeim byggingarreitir og loks er bætt við einni lóð vestan núverandi lóða.

Samþykkt í bæjarstjórn 10. maí 2006.

*Tenging Aðaltúns við Flugumýri.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir framlengingu Flugumýrar til norðausturs og Aðaltúns til suðausturs og að göturnar tengist saman.

Samþykkt í bæjarstjórn 10. maí 2006.

*Bergstaðir í Elliðakotslandi, 2 frístundalóðir.*

Í deiliskipulaginu felst að lóð með þjóðskrárnúmeri 9100-1120 verði skipt í tvær lóðir, á þeim afmarkaðir byggingarreitir og skilmálar settir um húsgerð, stærð o.fl.

Samþykkt í bæjarstjórn 30. maí 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 13. júní 2006,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2006